



**Efni: Heimild til að hefja verkefnið Torgið 2.0**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd mannauðs- og starfsumhverfissviðs, að hefja verkefnið Torgið 2.0 sem sett verður af stað til þess að ljúka innleiðingu á stafrænu fræðslukerfi borgarinnar.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá janúar til júní 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 16,9 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

### **Greinargerð:**

Torgið er nýtt stafrænt fræðslukerfi fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar sem auðveldar og jafnar aðgengi að nauðsynlegri þjálfun og annarri fræðslu. Þar er hægt að sækja, veita og halda utan um staðnámskeið, fjarnámskeið og stafræna fræðslu.

Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins en hefur hingað til ekki haft aðgang að fræðslukerfi af þessu tagi.

Tilgangur verkefnisins er að ljúka innleiðingu á Torginu, nýju fræðslukerfi borgarinnar. Innleiðing er komin vel á vel en eftir stendur að:

- Ljúka innleiðingu.
- Ljúka viðaukasamningi.
- Fylgja eftir að uppfærsla í nýja útgáfu uppfylli skilmála samnings.
- Vinna verklok.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 16,9 m.kr.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá janúar til júní 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 16,9 m.kr., þar af tilheyra 16,9 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Virðingarfyllst,



Pröstur Sigurðsson,  
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur